



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 240

Barónsstígur 14

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 240

Barónsstígur 14

Sveinn Árnason fékk útmælda lóð við Barónsstíg 5. janúar 1901. Húsið við Barónsstíg, síðar nr. 14, var reist árið 1902. Það var einlyft timburhús, járnklætt með járnþaki.

Eigendur hússins voru Sveinn Árnason, Magnús Magnússon og Málfríður Þorleifsdóttir. Rak Málfríður þar veitingahús, og nefndi Lóustaði. Einar Einarsson keypti húsið 12. desember 1918. Sveinn Bergsson átti það og um skeið. Arnór G. Kristinsson keypti húsið árið 1932. Húsið var rífið 1963.

Ólafur Axelsson afhenti skjölin Borgarskjalasafni 1. júlí 2002.

Ólafur er fæddur í húsinu 6. júlí 1944. Arnór G. Kristinsson var afi hans.

Skjalaskrá

Askja 1

Framtal Arnórs G. Kristinssonar til tekju- og eignarskatts fyrir árið 1931, 1932, ljósrit.

Veðbréf, o.fl. Einars Einarssonar, 1919.

Veðbókarvottorð, skuldabréf, kaupsamningur milli Andrésar Guðnasonar og Arnórs G. Kristinssonar, vegna Barónsstígs 14, 1962.

Virðingargjörð, vegna Mosgerðis 1, 1953, ásamt ýmsum fleiri skjölum.

Afstöðumynd af Barónsstíg 14, teiknuð af Bolla Thoroddsen, 1933.

Askja 2 (böggull)

Ljósmyndir af Barónsstíg 14, þrjár að tölu, undir gleri í ramma, 1963.

Skráð Ragnhildur Bragadóttir